

# Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

## Fundur 24. júní 2012

### 5. fundur

Staðsetning: Grafarholti, 18:00 – 22:00

Mættir: Arnar Bill, Kristján, Theodór, Sigurður, Þórir og Úlfar  
Boðuð forföll: Ómar

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

#### 2. Fréttatilkynning

Umræður um fréttatilkynningu og ákveðið að senda hana út eftir helgi. Einnig rætt um að ræða óformlega við þjálfara sem hafa “gleymt” hlutverki sínu sem fyrirmyndir.

#### 3. Ráðstefna þýska þjálfarafélagsins

Einn þjálfari hefur sótt um að vera fulltrúi KBÍ á ráðstefnu þýska þjálfarafélagsins. Samþykkt að senda Arnar Hallsson. Viðkomandi skilar inn samantekt sem fer á heimasíðu félagsins.

#### 4. Elite Soccer

Green star media Ltd býður meðlimum KBÍ 25% afslátt á Elite Soccer og Soccer Coach Weekly. Tilboðið verður sent út eftir helgi.

#### 5. Bikarráðstefna KBÍ

Dagskrá fyrir bikarúrslitaleik karla, 18. Ágúst með Lars Lagerback, Heimi Hallgríms og u17 drengja er að verða klár. Erfiðara gengur að útbúa dagskrá fyrir bikarúrslitaleik kvenna. Ákveðið að ræða aftur við fræðslustjóra um málið.

#### 6. Önnur mál

- Umræður um nýjungina með samskipti þjálfara við dómara eftir leik
- Videoupptökur af leikjum í deildum. Kristján er í sambandi við KSÍ um málið. Meira á næsta fundi.

Úlfar Hinriksson  
ritari